

vísunarkrafa sú, er fram hefur komið frá verjanda, eigi til greina tekin.

Um málskostnaðarkröfuna verður fjallað í væntanlegum efnisdómi í máli þessu.

Ályktarorð:

Framkomin frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Priðjudaginn 13. nóvember 1956.

Nr. 110/1956. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Benedikt Ragnari Sigurðssyni**

(Egill Sigurgeirsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Teodór B. Lindal prófessor.

Nauðgun.

### Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir mega staðfesta hann.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Ákærði, Benedikt Ragnar Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Vestmannaeyja 30. júlí 1956.**

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi og endurupptekið 26. þ. m., er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæruskjali, út gefnu 8. ágúst 1955 af dómsmálaráðherra, gegn Benedikt Ragnari Sigurðssyni vélstjóra, Faxastíg 41, Vestmannaeyjum, fyrir nauðgun, líkamsárás og húsbrot samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 194. gr., 217. gr. og 231. gr. „Þykir ákærði hafa brotið nefnd ákvæði með því að brjótast inn í húsið S í Vestmannaeyjum aðfaranótt 18. júní s.l., ráðast þar á konuna K, fædda 1899, slá hana í andlit, svo áverki hlaut af, og nauðga henni.“

Ákærast því framangreindur Benedikt Ragnar Sigurðsson til að sæta refsingu samkvæmt 194. gr., 217. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga, til greiðslu skaðabóta og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 4. nóvember 1934 í Vestmannaeyjum og hefur sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:  
1954 21/11 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt þess 18. júní 1955 var ákærði á dansleik í Samkomuhúsinu í Vestmannaeyjum. Þegar dansleiknum lauk kl. 2 um nóttina, var ákærði orðinn talsvert ölvuður. Slóst hann þá í för með þremur piltum öðrum, þeim Hauki Gíslasyni, Má Pálssyni og Theodór Ólafssyni, sem allir eiga heima í Vestmannaeyjum, og gengu þeir síðan saman nokkra stund um bæinn. Piltar þessir voru allir undir áhrifum áfengis. Er þeir voru staddir á Bárustíg, hittu þeir konuna K, sem gaf sig á tal við þá félagu. Vitnin Haukur Gíslason vélstjóri og Már Pálsson verkamaður bera, að K hafi verið töluvert ölvuð. K kveðst að vísu hafa verið búin að bragða áfengi, er hún hitti þá félagu, en segist aðeins hafa verið „góðglöð“, eins og hún orðar það. Ákærði og vitnið Haukur segja, að K hafi boðið þeim öllum heim til sín í húsið S, en K kveður ákærða og Theodór Ólafsson hafa spurt sig, hvort þeir mættu ekki koma heim með henni. Hversu sem þessu hefur verið varið, lauk viðræðum K og piltanna þarna á götunni með því, að þeir ákærði og vitnið Theodór Ólafsson vélstjóri gengu heim með K, en Már og Haukur gengu í humátt á eftir hinum. Ákærði og Theodór fóru síðan inn með K, en Már og Haukur urðu eftir fyrir utan. Theodór og ákærði sátu síðan á tali við K í eldhúsinu, og gaf K þeim kjöt og kaffi. Sömuleiðis kveða ákærði og Theodór, að K hafi gefið þeim áfengi, er hún átti. Að sögn K voru bæði ákærði og Theodór þrúðir í

framkomu. Eftir að ákærði og vitnið höfðu dvalið hjá K í um eina klukkustund, fóru þeir í burtu. Vitnið fór aðeins á undan, en er ákærða dvaldist eftir, fór vitnið Haukur Gíslason inn og náði í ákærða, sem enn var að tala við K. Héldu þeir ákærði og Haukur síðan heim til ákærða. Sóttu þeir þangað áfengisflösku, er ákærði geymdi fyrir mann einn, og fóru með flöskuna til hans. Að svo búnu fóru þeir aftur saman upp í bæ, og hélt hvor heim til sín.

Eftir að ákærði kom heim til sín, segir hann, að sér hafi dottið í hug að fara aftur í húsið S í þeim tilgangi að fá K til þess að hafa við sig samfarir. Hélt ákærði síðan aftur að húsinu S og komst þar inn, en ekki ber þeim saman um það ákærða og K, með hvaða hætti ákærði komst inn í húsið.

K skýrir svo frá, að er ákærði var farinn burtu fyrr um nóttina, hafi hún lokað útidyrnunum og gengið síðan til náða. Seinna um nóttina, kl. um 5, að því er K telur, kveðst K hafa vaknað við það, að ákærði var kominn ofan á hana í rúminu og var að reyna að hafa við hana samfarir. Var ákærði þá, að sögn K, kominn úr jakka og utanyfirbuxum. Þegar K vaknaði, kveðst hún hafa æpt upp af hræðslu, en þá sló ákærði hana í andlitið, svo að blæddi undan högginu, og fór blóð bæði í koddann og á vegginn við rúmið. Enn fremur telur K, að ákærði hafi slegið sig annað högg, en kveðst þó ekki vera viss um það. Ákærði reif buxur K og tókst að hafa við hana samfarir, þrátt fyrir það að hún bað ákærða að láta sig í friði og veitti alla þá mótspyrnu, er hún gat. K kveður ákærða hafa hætt samförunum eftir nokkra stund, en kveðst ekki vita, hvort ákærða varð sáðfall. K kveðst hafa verið mjög hrædd við ákærða á eftir, enda býr hún ein í húsinu. Dvaldist ákærða nokkuð í húsinu eftir nefndan atburð, og kveðst K ekki hafa þorað að sýna ákærða andúð á eftir af ótta við, að ákærði gerði henni frekara mein. Hún kveðst hafa reynt að fá ákærða til þess að skýra sér frá, með hvaða hætti hann komst inn í húsið, en ákærði hélt fast við það, að hann hefði komið inn um dyrnar. K kveðst hins vegar vera viss um, að hún læsti útidyrnunum, áður en hún fór að sofa, og telur víst, að ákærði hafi komizt inn um stofuglugga, sem opinn var, enda hafi fótaför verið auðsæ í gluggakistunni og á glugganum utanverðum. Skömmu seinna fór ákærði, en spurði K áður, hvort hún ætlaði að kæra sig, og kveðst K ekki hafa þorað annað en svara því neitandi.

Konan K hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Ákærði skýrir svo frá, að er hann kom að húsinu S, hafi hann barið að dyrum, en tekið um leið í hurðarhúninn, og hafi dyrnar

þá opnast. Telur ákærði, að dyrnar hafi verið hvíklæstar og hrokk-ið upp, er hann reyndi á dyrnar með því að taka í hurðarhúnninn. Þegar ákærði kom inn í húsið, sem er lítið einlyft timburhús, kveður hann K hafa staðið á gólfinu og verið að ljúka við að afklæðast. Var K aðeins klædd í undirkjól, buxur og sokka. Ákærði kveðst hafa leitað eftir samförum við konuna, en hún veitti mótspyrnu og vildi ýta ákærða frá sér. Ákærði kveður rúm K hafa verið í litlu herbergi inn af herbergi því, er þau K og ákærði voru stödd í. Ýtti ákærði K að rúminu og hrinti henni upp í það. Síðan reif ákærði buxurnar niður um K, kom getnaðarlim sínum inn í kynfæri hennar og hafði í frammi samræðishreyfingar. Ákærði telur, að sér hafi ekki orðið sáðfall, heldur hafi K tekizt að hrinda honum fram úr rúminu, áður samfarirnar urðu fullkomnar. Ákærði kveðst þó ekki muna þessi atriði greinilega. Ákærði hefur viðurkennt að hafa farið úr jakkanum, en neitar að hafa farið úr buxum. Ekki notaði ákærði verju við samfarirnar. Ákærði hefur og viðurkennt að hafa slegið konuna í andlitið með hnefanum, en heldur, að hann hafi aðeins slegið konuna þetta eina högg. Ákærði kveðst hafa staldrað aðeins við hjá K á eftir, og hafi hún þegið hjá honum áfengi. Síðan kveðst ákærði hafa farið heim.

Ólafur Halldórsson læknir skoðaði K tveim dögum eftir árásina, og samkvæmt vottorði hans var efri vör konunnar bólgin vinstra megin og stór marblettur vinstra megin á efsta rífi.

Lögregluþjónarnir Sigurgeir Kristjánsson og Ragnar Helgason, er tóku skýrslu af K þann 20. júní, hafa mætt sem vitni í málinu og bera, að K hafi verið bólgin á efri vör og með allstóran marblett ofan við vinstra brjóst. Þeir athuguðu vegsummerki í húsinu S og kveðast hafa séð blóðbletti á kodda í rúmi konunnar og á þilinu ofan við rúmið. Vitnin skoðuðu stofugluggann og segja, að óhreinindi, sandur og möl hafi verið í gluggakistunni, og töldu bæði vitnin sýnilegt, að farið hefði verið inn um gluggann nýlega.

Með eigin játningu ákærða og framburði vitna verður að telja nægilega sannað, að ákærði hafi með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Konan K hefur ekki krafizt þess, að ákærða verði refsað fyrir brot á 231. gr. almennra hegningarlaga, og verður honum þegar af þeirri ástæðu ekki gerð refsing fyrir brot á nefndu ákvæði. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dómsins að telja.

Konan K hefur ekki krafizt skaðabóta úr hendi ákærða.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda málsins, þeirra Jóns Hjaltasonar hdl. og Jóns Eiríkssonar hdl., kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Benedikt Ragnar Sigurðsson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, þeirra Jóns Hjaltasonar hdl. og Jóns Eiríkssonar hdl., kr. 700.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. nóvember 1956.

Nr. 142/1956. **Ákærvaldið**

gegn

**Einari Egilssyni**

og

**Jónasi Thoroddsen.**

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Kærumál. Aðiljasamlag í sakamáli.

**Dómur Hæstaréttar.**

Ákærðu, Einar Egilsson og Jónas Thoroddsen, hafa hinn 17. október 1956 kært til Hæstaréttar samkvæmt 3. mgr. 124. gr. laga nr. 27/1951 úrskurð sakadóms Reykjavíkur, upp kveðinn 15. sama mánaðar, og hefur dómsmálaráðherra veitt samþykki sitt til kærunnar.

Af hálfu hinna ákærðu er þess krafizt, að hinum kærða